

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 5 og 6.

Á fundi sveitarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 7. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting vegna Innnesvegar 1 í klasa 5 og 6 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur á lóð nr. 1 við Innnesveg, er stækkaður til norðurs sem nemur 5 metrum. Hámarksstærð byggingar verður 1.058 m² og nýtingarhlutfall 0,26. Bilastæði verða 66 talsins.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 30. ágúst 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.